

Alþingi
Erindi nr. P 130/1776
komudagur 15.4.2004



Borgartúni 33 150 Reykjavík
Sími 562 2000 Fax 562 7500

www.umferd.is

14. apríl 2004
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 367. mál, þingsályktunartillögu um jarðgöng í Reynisfjalli

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 22. mars 2004.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Stjórn ráðsins ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Formlegt svar barst frá einum, fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og fylgir það hér með.

Stjórn Umferðarráðs er þeirrar skoðunar að gerð jarðganga, sem leysa af hólmi hættulega vegarkafla, stuðli tvímælalaust að auknu umferðaröryggi. Vestfjarðagöng og Hvalfjarðargöng eru góð dæmi þar um, svo og væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng og fyrirhuguð göng í Almannaskarði. Frekari jarðgangagerð, og forgangsröð í þeim efnum, á að mati stjórnarinnar fyrst og fremst að helgast af öryggissjónarmiðum. Göng í Reynisfjalli falla án efa undir þann flokk. Göng undir hæsta hluta Hellisheiðar hér syðra eiga þar og heima. Stjórn Umferðarráðs vill benda á að þar er sannarlega til staðar hindrun og áhætta í slæmum vetrarveðrum á leiðinni á milli Reykjavíkur og Austfjarða. Niðurstaða stjórnarinnar er því sú að sjálfsagt sé að fram fari úttekt á gerð jarðganga í Reynisfjalli, en miðað við þann landshluta sem um ræðir má telja eðlilegt að samtímis fari fram sambærileg úttekt á gerð ganga undir hæsta hluta Hellisheiðar niður undir Hveragerði.

f.h. Umferðarráðs,

Óli H. Þórðarson
formaður



Umsögn um tillögu um jarðgöng í Reynisfjalli.

Tillaga 367. Jarðgöng í Reynisfjalli:

Það að meta göng útfrá hagkvæmni, umferðaröryggi, kostnaði, arðsemi, umferðarpunga og fjölda slysa sem verða á veginum eins og hann er núna er mjög jákvætt að gera áður en ákveðið er hvort eigi að fara framkvæmd af þeirri stærðargráðu sem um ræðir hér eða u.þ.b. 700 metra löng jarðgöng. Skoðun sem þessi ætti alltaf að liggja fyrir áður en farið er í framkvæmdir af þessari stærðargráðu.

F.h slysavarnasviðs SL.

Kjartan Benediktsson